

FUNDARGERÐ SVEITARSJÓRNAR

Mánudaginn 12. nóvember 2007 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2007.

Fyrir fundinum lá tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2007 sem sveitarstjóri kynnti. Talsverð breyting var lögð til á áætlun bæði vegna nýrra ákvarðana sem teknar hafa verið og varða fjárhag ársins og breytinga á forsendum í rekstri og tekjum sveitarfélagsins. Heildarniðurstaða áætlunar er jákvæð um 39,3 milljónir en fyrri áætlun gerði ráð fyrir 13,4 milljóna jákvæðri niðurstöðu. Í sjóðsstreymi er gert ráð fyrir 76,7 milljóna fjárfestingu en í fyrri áætlun hafði verið gert ráð fyrir fjárfestingum samtals að upphæð 100,4 milljónum króna. Handbært fé í árslok var áætlað 513,8 milljónir en í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir 540,0 milljón. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og samþykkti hana.

2. Bréf:

a) Kolbjörns Kværum, Ringerike kommune, 12. október 2007.

Kolbjörn sendir oddvita og sveitarstjórn kveðjubréf og þakkar samskipti á vettvangi vinabæsamstarfsins þar sem hann muni láta af embætti 15. október og nýr forseti bæjarstjórnar Ringerike taka við. Kolbjörn sendir jafnframt öllum vinum sínum á Skagaströnd bestu kveðjur.

Sveitarstjóra falið að svara og senda Kolbirni kveðjur.

b) Sigurðar Jóhannssonar fh. Vilko, 17. október 2007.

Með bréfinu óskar Sigurður eftir fundi með sveitarstjórn til að kynna starfsemi Vilko og gera grein fyrir auknum umsvifum á vettvangi félagsins.

Sveitarstjóra falið að skipuleggja fund sveitarstjórnar og Sigurðar.

c) Skipulagsstofnunar, 8. október 2007.

Með bréfinu er vakin athygli sveitarstjórna á ákvæðum skipulags og byggingarlaga um skyldu sveitarstjórna til að láta gera aðalskipulag. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvort sveitarstjórn hafi tekið ákvörðun um gerð aðalskipulagsins og um hvort fyrir liggi verk-, tíma-, og kostnaðaráætlun vegna verksins og hvort ráðinn hafi verið skipulagsráðgjafi. Þá er í bréfinu vakin athygli á kostnaðarþátttöku Skipulagsstofnunar við aðalskipulagsgerðina.

Sveitarstjóra falið að afla upplýsinga um ráðgjafa í skipulagsgerð og leggja tillögur fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

d) Starfsfólks Landsskrifstofu Sd21, 29. október 2007.
Með bréfinu kynnr skrifstofan stuðning sem veittur er til að innleiða Staðardagskrá 21 (Sd21) í minni sveitarfélögum og bent á að Sveitarfélagið Skagaströnd uppfylli þau skilyrði sem sett eru um slíka þátttöku.
Sveitarstjóra falið að óska eftir kynningarfundum með fulltrúum Landsskrifstofu Sd21.

e) Sjúkraflutningamanna á Skagaströnd.
Með bréfinu er óskað eftir að felld verði niður gjald í líkamsrækt og sund fyrir sjúkraflutningamenn.
Talsverð umræða varð um málið og samþykkt að bjóða sjúkraflutningamönnum, slökkviliði og fastráðnum starfsmönnum sveitarfélagsins gjaldfrjálsan aðgang að líkamsrækt í íþróttahúsinu. Þetta fyrirkomulag verði tekið til endurskoðunar í júní 2008.

3. Fundargerðir:

- a) Atvinnu- og ferðamálanefndar, 25.10.2007.
Halldór og Erla gerðu nánari grein fyrir efni fundarins.
Fundargerðin var samþykkt.
- b) Menningarráðs Norðurlands vestra, 4.10.2007.
Fundargerðin var til kynningar.
- c) Héraðsnefndar, 3.10.2007.
Fundargerðin var til kynningar.
- d) Samráðshóps um verkefni héraðsnefndar, 29.10.2007.
Adolf kynnti nánar þá umræðu sem varð innan starfshópsins. Samþykkt að fulltrúar sveitarfélagsins vinni áfram skv. þeirri niðurstöðu sem varð á fundi starfshópsins.
- e) Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 25.10.2007.
Fundargerðin var til kynningar.
- f) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfél. 28.09.2007.
Fundargerðin var til kynningar.
- g) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfél. 19.10.2007.
Fundargerðin var til kynningar.

4. Önnur mál

Umræða varð um að halda borgarafund. Samþykkt að stefna að mánudeginum 26. nóvember nk.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12²⁵

Adolf H. Berndsen
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)